

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
101 Reykjavík

Kópavogi, 10. mars 2022

## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju (152. þing 46. mál)**

Engin vafi er á því að öruggar ferjusiglingar á Breiðafirði greiða fyrir samgöngum milli Vestfjarða og Vesturlands og efla ferðaþjónustu við Breiðafjörð. Ný og öflugri Breiðafjarðaferja sem knúin yrði rafeldsneyti myndi einnig draga verulega úr losun vegna samgangna á þessu svæði. Íslendingar eiga þess þegar kost að framleiða slíkt rafeldsneyti, rafmetanól, með innlendum orkugjöfum og tækni.

Í ljósi markmiða í loftslagsmálum, sem breið samstaða er um á Alþingi, teljum við brýnt að þingið geri það að skilyrði fyrir fjárfestingu í nýrri ferju að hún verði búin vélum sem knýja má með endurnýjanlegum orkugjöfum og verði þá einkum horft til rafmetanóls, sem er sá orkuberi fyrir endurnýjanlega orku sem best hentar skipum. Í Svartsengi stendur þegar rafmetanólverksmiðja. Öll tækni til þess að knýja ferjur eins og Baldur með rafmetanóli er einnig til staðar.

Carbon Recycling International (CRI) er íslenskt hátæknifyrirtæki sem síðan 2006 hefur þróað og selt tækni til að framleiða rafmetanól úr vetni og endurunnum koltvísýringi. Fyrirtækið opnaði árið 2012 fyrstu verksmiðju sinnar tegund í heiminum við Svartsengi, en hún hefur m.a. selt eldsneyti til notkunar í bifreiðum og skipum. Vélar sem brenna metanóli eru þegar í framleiðslu af hálfu nokkurra stærstu vélaframleiðenda fyrir skip, s.s. MAN, Scania, Wärtsila og Rolls-Royce. Meðal fjölda skipafélaga sem valið hafa metanólvélar fyrir orkuskipti í flota sínum er stærsta flutningafyrirtæki heims, danska skipafélagið Mærsk sem nýlega lagði inn pöntun á 13 gámaskipum sem knúin verða metanólvélum. Hefst afhending á næsta ári.

Meginkostur rafmetanóls í þessu samhengi er eftirfarandi:

- Kostnaður við búnað til að notkunar í skipum er minni en fyrir annað rafeldsneyti eða rafhlöður
- Vélar til að nota rafmetanól geta einnig brennt hefðbundnu eldsneyti sem minnkar áhættu
- Allur vélbúnaður til að nota rafmetanól er þegar í framleiðslu og fylgir alþjóðlegum stöðlum
- Kostnaður við framleiðslu rafmetanóls er minni en annars rafeldsneytis að gefnu sama orkuverði
- Framleiðslutækni er þrautreynd og hægt væri að anna allri eldsneytisþörf ferjunnar innanlands

### **Tillaga að breytingu**

Brott falli:

~~Kannaðir verði möguleikar á að ferjan verði knúin með endurnýjanlegum orkugjöfum.~~

Í stað komi:

Ferjan verði knúin með endurnýjanlegum orkugjöfum, kannaður verði möguleiki að nota rafmetanól sem þegar hefur verið framleitt innanlands.

Með kveðju,

Ingólfur Guðmundsson, forstjóri CRI